

Starfsáætlun

Farskólans – miðstöðvar

símenntunar á Norðurlandi vestra



Farskólinn

miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Fræðslustarf 2012 - áætlun.....	5
1.1 Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.....	5
1.2 Almenn námskeið	7
1.3 Eflum Byggð í Húnaþingi vestra	8
1.4 Umsóknir í sjóðinn „Sáttmáli til sóknar í skólumálum í Skagafirði“	9
2. Náms- og starfsráðgjöf.....	10
3. Önnur ráðgjöf og þjónusta	11
4. Háskólanám	12
5. Fjölmennt	13
6. Samstarf.....	14
6.1 Samstarfsaðilar	14
6.2 Samstarfsverkefni – þróunarsjóður	14
7. Gæðastarf – EQM.....	15
8. Kynningarmál	16

Inngangur

Stofnun: Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Farskólinn varð sjálfseignarstofnun árið 1998. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og sveitarfélagið Skagafjörður; stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Starfsmannafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki, Fisk Seafood hf, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum (og Siglufjörður til ársins 2011).

Í stjórn Farskólans sitja: Ásgerður Pálsdóttir, formaður, Herdís Klausen, ritari, Hörður Ríkharðsson, Ingileif Oddsdóttir og Skúli Skúlason.

Starfsmenn Farskólans eru:

- Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.
- Halldór B. Gunnlaugsson, verkefnastjóri með námskeiðum og háskólanámi.
- Helga Hinriksdóttir, verkefnastjóri Eflum Byggðar og með námskeiðum í Húnaþingi vestra.
- Jóhann Ingólfsson, tækni- og verkefnastjóri háskólanáms.
- Rannveig Aðalbjörg Hjartardóttir, þjónustustjóri, staðsett í Húnaþingi vestra.

Húsnæði: Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra er með skrifstofu við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er einnig Námsver fjarnema í Skagafirði. Námsver og námsstofur eru einnig á Hvammstanga, Blönduósi og Skagaströnd. Í öllum námsverum eru nýir fjarfundabúnaðir og góð aðstaða fyrir fjarnemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallabyggð (Siglufjörður) sagði sig úr samstarfi við Farskólann snemma árs 2011 og fær nú þjónustu frá Símei, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

Farskólinn starfar samkvæmt lögum nr. 27 31. mars 2010.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2012 fær Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra 28,7 milljónir króna. Samkvæmt samningi Farskólans og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum er gert ráð fyrir að „minnst 66% framlags ... fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. grein laga um framhaldsfræðslu“.

Starfsáætlun Farskólans lýsir þeim verkefnum sem unnið verður að árið 2012 á grundvelli skipulagsskrár og samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslusjóð og Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra.

1. Fræðslustarf 2012 - áætlun

1.1 Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Staðan: Á grundvelli samnings við Fræðslusjóð fékk Farskólinn úthlutað 10.415.000 kr til vottaðra námsleiða árið 2012. Farskólinn sótti um til Fræðslusjóðs að kenna eftirfarandi námskrár: Sjá töflu 1.

Tafla 1. Námskrá sem farskólinn óskar eftir að kenna árið 2012

Heiti námskrár	Lengd	Framlag
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 4, seinni hluti.	150*	1.775.000
Landnemaskólinn, seinni hluti.	60*	710.000
Fagnámskeið 3 Hvammstanga	66	710.000
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 5. Heilt námskeið.	300	3.550.000
Sterkari starfsmaður.	150	1.780.000
Færni í ferðapjónustu 1.	60	710.000
Færni í ferðapjónustu 2.	100	1.180.000
Samtals	886 kest	10.415.000

*Fyrri hluti kenndur á haustönn 2011

Markmið: Markmið ársins 2012 er að bjóða upp á sjö námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fjármagnaðar eru af Fræðslusjóði.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirtaldar námskrár:

- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (4) – seinni hluti. Þetta námskeið er kennt á Sauðárkróki og með hjálp fjarfundabúnaðar sitja fjórir námsmenn í Námsveri fjarnema á Blönduósi. Námskeiðinu lýkur í maí 2012. Umsjónarmaður námsins er Halldór B. Gunnlaugsson.
- Landnemaskólinn – seinni hluti er kenndur á Blönduósi. Námskeiðinu lýkur í mars 2012. Umsjónarmaður námsins er Jóhann Ingólfsson.
- Fagnámskeið 3, fyrir starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu verður kennt á Hvammstanga á haustönn 2012. Umsjónarmaður námsins verður Jóhann Ingólfsson.

- Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (5) á Blönduósi og nágrenni. Námskeiðið verður auglýst í Námsvísi vorannar. Umsjónarmaður námsins verður Halldór B. Gunnlaugsson.
- Sterkari starfsmaður. Námskeiðið var auglýst í Námsvísi vorannar 2012. Umsjónarmaður námsins verður einn af verkefnastjórum Farskólans.
- Færni í ferðapjónustu 1. Námskeiðið var auglýst í Námsvísi vorannar 2012. Umsjónarmaður námsins verður Halldór B. Gunnlaugsson.
- Færni í ferðapjónustu 2. Námskeið var auglýst í Námsvísi vorannar 2012. Umsjónarmaður námsins verður Halldór B. Gunnlaugsson.

Ef ekki nást þátttakendur í ofantaldar námsleiðir mun Farskólinn bjóða upp á aðrar námsleiðir FA; allt eftir áhuga og eftirspurn á svæðinu.

Umsjón: Halldór B. Gunnlaugsson, Jóhann Ingólfsson, Bryndís Þráinsdóttir.

1.2 Almenn námskeið

Farskólinn býður upp á námskeið af ýmsum toga fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir; bæði tómstundanámskeið og starfstengd námskeið.

Staðan: Árið 2011 voru haldin 64 námskeið hjá Farskólanum. Kennslustundir voru 2.287 og nemendastundir voru 25.863. Námsmenn voru 672; konur voru 471 og karlar voru 201.

Farskólinn skipuleggur eigin námskeið og standa þau til boða um allt Norðurland vestra. Farskólinn miðlar einnig námskeiðum frá öðrum fræðsluaðilum eins og Endurmenntun Háskóla Íslands og Framvegis, svo dæmi séu tekin. Námskeiðin eru haldin í Námsverum og Námsstofum um allt svæðið og í grunnskólum.

Markmið:

- Að greina þarfir fyrir fræðslu á svæðinu.
- Að hlusta á raddir íbúanna á Norðurlandi vestra og verða við þeirra óskum um námskeið.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða; sem tengjast tómstundum og störfum íbúa.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirtalda námskeiðsflokka:

- Tómstundanámskeið; matreiðsla, fuglaskoðun, myndlist, ljósmyndir, útivist, dans, ritlist, ræktun matvæla, ræktun ávaxtatréja, tungumál og fleira.
- Starfstengd námskeiðs:
 - Fyrir bændur: Málsmíðanámskeið fyrir sauðfjárbændur, rafsúða, viðhald tækja til sveita.
 - Starfsfólk leik- og grunnskóla. Fyrirlestur Húgós Þórissonar.
 - Ferðaþjónusta. Fuglaskoðun, svæðisleiðsögn.
 - Fyrir starfsfólk í fiskvinnslu. Framhaldsnámskeið.

Umsjón: Halldór B. Gunnlaugsson, Jóhann Ingólfsson, Helga Hinriksdóttir og Bryndís Þráinsdóttir.

Sjá Námsvísi á heimasíðu Farskólans: www.farskolinn.is.

1.3 Eflum Byggð í Húnaþingi vestra

Stjórn Farskólans ákvað 2. desember 2010 að bjóða íbúum í Húnaþingi vestra upp á fræðsluverkefnið Eflum Byggð sem yrði í anda Evrópuverkefnisins Breytum Byggð (Learning Community) á Hofsósi, 2001 – 2003 og í anda Eflum Byggðar á Blönduósi og nágrenni, 2008 – 2010. Síðastnefnda verkefnið var styrkt af Mennta- og menningar-málaráðuneytinu úr sjóði sem stofnaður var vegna tímabundins aflasamdráttar á landsbyggðinni. Eflum Byggð í Húnaþingi vestra er tveggja ára verkefni styrkt af Farskólanum og unnið í samstarfi við Hólaskóla – háskólann á Hólum og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra..

Staðan: Í janúar 2011 var boðað til íbúafundar í Húnaþingi vestra og var fundurinn haldinn á Hvammstanga. Rúmlega 50 manns mættu á fundinn og tóku þátt í þarfagreiningu vegna verkefnisins. Langflestir vildu byrja á að læra á tölvur og ensku.

Gerður var samningur við Virki – þekkingarsetur á Hvammstanga um verkefnastjóra Eflum Byggðar. Verkefnastjóri er Helga Hinriksdóttir á Hvammstanga og greiðir Farskólinn laun hennar.

Fræðsluverkefnið hefur staðið yfir í heilt ár. Á vor- og haustönn 2011 var kennd enska (einn hópur) og tölvur (þrír hópar), samtals 47 fullorðnir námsmenn á öllum aldri. Vorönn 2012 hefst í byrjun febrúar.

Markmið 2012: Að bjóða upp á námskeið þar sem íbúum í Húnaþingi vestra gefst kostur á að auka færni sína í stofnun og rekstri fyrirtækja, bókhaldi, markaðsmálum og auki þekkingu sína á sínu nánasta umhverfi (átthagafræði).

Árið 2012 verður lögð áhersla á að kenna:

- Bókhald fyrir byrjendur
- Átthagafræði (Hólaskóli – Háskólinn á Hólum)
- Frumkvöðlafræði; þar sem farið verður í stofnun og rekstur smáfyrirtækja, markaðsmál og fleira (Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra)

Umsjón: Helga Hinriksdóttir.

Stöðugildi: 0,5

1.4 Umsóknir í sjóðinn „Sáttmáli til sóknar í skólamálum í Skagafirði“

Farskólinn sótti um styrki til tveggja fræðsluverkefna í Skagafirði í nóvember 2011; til Frumkvöðlasmiðju og Svæðisleiðsagnar. Í lok janúar 2011 hefur svar ekki borist frá sjóðnum.

Staðan: Undanfarin misseri hefur verið þörf á „öðruvísi“ námi fyrir ungt fólk. Vorið 2011 skipulagði Farskólinn Kvikmyndasmiðju fyrir unga atvinnuleitendur fyrir Vinnumálastofnun (240 kest). Það nám þótti takast vel. Áhugi er fyrir því að koma á fót Frumkvöðlasmiðju sem jafnvel gæti tengst inn í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Nám í svæðisleiðsögn hefur ekki verið haldið í Skagafirði undanfarin ár. Félag ferðaþjónustuaðila í Skagafirði hefur rætt um að þörf sé á námi fyrir svæðisleiðsögumenn í Skagafirði. Námskrár verða skrifaðar um leið og svör berast frá sjóðnum, ásamt skipulagningu og framkvæmd.

Markmið: Að bjóða ungu fólki, með stutta formlega skólagöngu upp á nám í Frumkvöðlasmiðju og að bjóða þeim sem hafa áhuga á að vinna við svæðisleiðsögn upp á nám í þeirri grein.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirtalin verkefni:

- Frumkvöðlasmiðja í Skagafirði ætluð ungu fólki.
- Nám í svæðisleiðsögn í Skagafirði, þrjár annir.

Umsjón: Halldór Gunnlaugsson og Bryndís Þráinsdóttir

2. Náms- og starfsráðgjöf

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra hefur árlega, frá árinu 2006, gert þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf. Skólaárið 2006 – 2007 sinnti Ólafur Bernóðusson, náms- og starfsráðgjafi og kennari á Skagaströnd hálfu starfi hjá Farskólanum. Frá 1. ágúst 2009 – 1. nóvember 2010 sinnti Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi og félagsráðgjafi náms- og starfsráðgjöf hjá Farskólanum. Farskólinn hefur ítrekað auglýst eftir náms- og starfsráðgjafa til starfa en ekki haft erindi sem erfiði.

Staðan: Farskólinn hefur undanfarin ár fengið úthlutað sem svarar 40% stöðugildi til að sinna náms- og starfsráðgjöf. Ýmsir ráðgjafar komu við sögu hjá Farskólanum árið 2011; bæði frá Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, frá VMST og frá Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra.

Árið 2011 átti Farskólinn að taka 155 viðtöl samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en viðtölin urðu ekki nema 129. Af þeim sökum endurgreiddi Farskólinn Fræðslusjóði 604.630 kr. í lok ársins 2011.

Markmið ársins 2012: Farskólinn stefnir að því að taka 20 rafræn viðtöl, 125 viðtöl á skrifstofu (í Námsveri innan 100 km), 25 viðtöl í Húnaþingi vestra og halda fjóra fundi í hópráðgjöf með átta einstaklingum í hverjum hópi. Samtals 170 viðtöl auk fjögurra funda. Auk þess er markmið hjá Farskólanum að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til að kynna náms- og starfsráðgjöf og skyld verkefni eins og raunfærnimat.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra með áherslu á framleiðslufyrirtæki.
- Að taka 170 viðtöl við einstaklinga innan markhóps Farskólans ásamt fjórum fundum í hópráðgjöf.

Umsjón: Aðalheiður Reynisdóttir og Bryndís Þráinsdóttir.

Áætluð stöðugildi: 0,4

3. Önnur ráðgjöf og þjónusta

Markviss er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna. Sjá: www.markviss.hugverk.is.

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra hefur yfir að ráða einum Markviss ráðgjafa, Bryndísi Þráinsdóttur, sem lokið hefur þjálfun. Tveir aðrir starfsmenn eru í þjálfun; Jóhann Ingólfsson og Halldór B. Gunnlaugsson.

Staðan: Farskólinn hefur fram til þessa unnið eitt Markviss verkefni á Siglufirði.

Markmið ársins 2012: Farskólinn hyggst heimsækja fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra og kynna fyrir þeim Markviss aðferðafræðina með það að markmiði að fjölga verkefnum sem tengjast ráðgjöf.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra með áherslu á framleiðslufyrirtæki til að kynna Markviss aðferðafræðina og ná í verkefni.
- Að bjóða upp á eitt tilraunaverkefni, viðkomandi fyrirtæki eða stofnun að kostnaðarlausu.

Umsjón: Bryndís Þráinsdóttir, Jóhann Ingólfsson og Halldór B. Gunnlaugsson.

4. Háskólanám

Árið 2002 hófst markviss miðlun háskólanáms á Norðurlandi vestra þegar Farskólinn gerði formlega samninga við háskólana til að tryggja aðgengi íbúa á Norðurlandi vestra að fjarnámi á háskólastigi. Samningar voru gerðir við Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Hólaskóla. Einnig var gerður samningur við sveitarfélögin á svæðinu um rekstur námsvera og námsstofa, sem unnið er eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti styrk til við undirbúnings verkefnisins. Árið 2008 var gerður samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið í gegnum Norðvesturnefnd um fjármögnun eins stöðugildis í Farskólanum til eflingar háskólanáms á svæðinu og er sá samningur enn í gildi samkvæmt fjárlögum 2012.

Staðan: Námsver og námsstofur eru á: Hvammstanga, Blönduósi, Skagatrönd og Sauðárkróki. Á haustönn 2011 stunduðu 34 háskólanemendur fjarnám frá Háskóla Íslands og 34 frá Háskólanum á Akureyri á Norðurlandi vestra. Gera má ráð fyrir að háskólanemendur í fjarnámi sem nýta sér námsver og námsstofur séu á annað hundrað á svæðinu, bæði í grunn- og meistaranámi, ef allir skólar eru taldir með. Jóhann Ingólfsson hefur yfirumsjón með fjarfundabúnuðum, tengingum, prófatökum, prófyfirsetu og hefur einnig umsjón með Námsveri fjarnema á Sauðárkróki. Halldór B. Gunnlaugsson hefur umsjón með kynningarmálum vegna háskólanámsins og Námsveri fjarnema á Sauðárkróki. Náms- og starfsráðgjafi býður háskólanemum upp á námskeið þeim að kostnaðarlausu.

Markmið: Að bjóða upp á háskólanám í fjarnámi í heimabyggð svo íbúar þurfi ekki að flytja á brott meðan á námi stendur og til að auka menntunarstig á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

- Bjóða upp á fjölbreytt fjarnám á háskólastigi.
- Gefa út kynningarrit um háskólanám á Norðurlandi vestra vorið 2012.
- Halda námskeið fyrir háskólanema sem fjalla um skipulag náms, tímastjórnun, prófkvíða og fl. og veita aðstoð varðandi verkefni og tæknimál.

Umsjón: Jóhann Ingólfsson og Halldór B. Gunnlaugsson.

Stöðugildi: 1

5. Fjölmennt

Undanfarin ár hefur Farskólinn gert samning við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra sem nú heitir Fjölmennt – símenntunar og þekkingarsetur.

Staðan: Árið 2011 voru haldin fimm námskeið fyrir skjólstæðinga Fjölmenntar; fjögur á Sauðárkróki og eitt á Hvammstanga.

Markmið: Markmið ársins 2012 er að:

- Greina fræðsluþarfir hópsins með hagsmunaaðilum, sá fundur verður haldinn 2. febrúar næstkomandi.
- Skipuleggja og halda námskeið bæði á vor- og haustönn 2012.

Árið 2012 verður lögð áhersla á eftirtalin námskeið:

Umsjón: Bryndís Þráinsdóttir.

6. Samstarf

6.1 Samstarfsaðilar

Farskólinn er aðili að Kvási – samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og gegnir framkvæmdastjóri Farskólans formennsku í samtökunum fram í apríl 2012. Farskólinn er einnig aðili að Leikn – samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi.

Farskólinn er einnig í góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Fjölbrautaskólinn metur námsleiðir FA sem Farskólinn kennir, til eininga við skólann, auk þess sem FNV veitir ábendingar varðandi námsefni og útvegar leiðbeinendur þegar það á við.

Farskólinn er í góðu samstarfi við aðra skóla, stéttarfélög, sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

6.2 Samstarfsverkefni – þróunarsjóður

Farskólinn var í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands um að skrifa námsefni í ensku fyrir byrjendur. Fræðslunet Suðurlands hafði umsjón með verkefninu. Sótt var um til Fræðslusjóðs. NámsEfnið hefur höfundur ákveðið að kalla A JOB TO BE DONE og verður það tilraunakennt hjá Farskólanum um leið og tækifæri gefst til.

Farskólinn í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Fræðslunet Suðurlands fékk styrk úr Þróunarsjóði Fræðslusjóðs til að skrifa kennslubók í verslunarreikningi fyrir fullorðna námsmenn í Skrifstofuskólanum og til að fjarkenna námsleið FA; *Fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskólum*. Undirbúningur er hafin og leiðir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum verkefnin.

7. Gæðastarf – EQM

Í janúar 2011 hófst formlega vinna við gæðamál hjá Farskólanum og gæðahandbók. Í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27, 31. mars 2010 segir meðal annars í 7. grein um viðurkenningu fræðsluaðila: „Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum: ... *tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna*“ [Leturbreyting. Bryndís Þráinsdóttir].

Helena Eydís Ingólfssdóttir frá Þekkingarneti Þingeyinga innleiddi gæðavinnuna hjá Farskólanum. Sveinn Allan Morthens tók að sér verkefnastjórn. Starfsmenn hittust vikulega til að fara í gegnum gæðavísa.

Staðan: Búið er að vinna drög að gæðahandbók fyrir Farskólann. Á vorönn 2012 verður óskað eftir því að starfsmenn BSI komi og taki starfið út hjá Farskólanum.

Markmið: Markmið ársins 2012 er að:

- Þann 1. júní verði fyrsta útgáfa gæðahandbókar Farskólans tilbúin.
- Starfsmenn BSI komi og taki starf Farskólans út samkvæmt gæðastöðlum EQM.

Árið 2012 verður lögð áhersla á: Innleiðingu gæðakerfisins.

Umsjón: Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson.

8. Kynningarmál

Staðan: Farskólinn gefur út tvo námsvísa á ári; á vor- og haustönn, þar sem námskeið eru auglýst og starfið kynnt. Auk þess heldur Farskólinn úti heimasíðu þar sem fá má upplýsingar um starfsemi Farskólans.

Á hverju ári heldur Farskólinn Viku símenntunar og halda starfsmenn þá fundi á öllum þéttbýlisstöðum og kynna starf skólans.

Markmið: Markmið ársins 2012 er að:

- Gefa út námsvísi bæði á vor- og haustönn 2012.
- Gefa út kynningarblað fyrir háskólanám skólaárið 2012 – 2013.
- Halda Viku símenntunar haustið 2012.

Umsjón: Halldór B. Gunnlaugsson og Bryndís Þráinsdóttir.

Sauðárkrókur 31. janúar 2012

Bryndís Kristín Þráinsdóttir
Framkvæmdastjóri Farskólans
miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra

